



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Sent með tölvupósti á nefndasvið@althingi.is

Hvammstanga, 8. nóvember 2022

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara, 231. mál.

Húnaþingi vestra hefur borist beiðni um umsögn um þingsályktunartillögu um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara, 231. mál. Byggðarráð Húnaþings vestra tók málið til umfjöllunar og bókaði eftirfarandi á 1157. fundi sínum þann 7. nóvember 2022:

Byggðarráð Húnaþings vestra lýsir yfir stuðningi við tillögu til þingsályktunar um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara. Löngu tímabært er að leggja mat á núverandi kerfi og hvernig það þjónar hagsmunum íbúa landsins sem best þegar hamfarir eiga sér stað.

Byggðarráð samþykkir tillöguna samhljóða og felur sveitarstjóra að koma henni á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Ofangreint tilkynnist hér með.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.